

ÍBÚÐIR LAUSAR TIL LEIGU Á KIRKJUBÆJARKLAUSTRI

Brák íbúðafélag hses. auglýsir eftir umsóknum um leigu á íbúðum við Skriðuvelli 17 og 19 á Kirkjubæjarklaustri. Um er að ræða íbúðir í tveimur fjölbýlishúsum á tveimur hæðum og eru stærðir íbúða sem nú eru lausar til leigu eftirfarandi:

- Þriggja herbergja 82,3 m²
- Þriggja herbergja 90,7 m²
- Fjögurra herbergja 113,7 m²

Markmið Brákar íbúðafélags hses. er að bæta húsnæðisöryggi tekju- og eignaminni fjölskyldna og einstaklinga.

Um útleigu íbúðarinnar gilda lög um almennar íbúðir nr. 52/2016, í lögnum/reglugerð eru tilgreind tekju- og eignamörk ásamt viðmiði um greiðslubyrði leigu.

Umsókn um leigu

Fylla skal út umsóknareyðublað www.klaustur.is/static/files/svstj/508/umsokn_brak-hses-1.pdf og senda á netfangið: brakibudafelag@brakibudafelag.is ásamt afriti af síðasta skattframtali og afriti af þremur síðustu launaseðlum umsækjenda.

Umsóknarfrestur er til og með 26. júlí 2024

Brák íbúðafélag hses. úthlutar íbúðunum þegar farið hefur verið yfir allar umsóknir.